	Hafnarfjarðarbær
Innk:	27/1 2017
Málsnr:	1761592
Bréfal:	105

Flensborgarskólanum 24. janúar 2017

Ágæta bæjarráð.

Dönskunemar við Flensborgarskólann munu halda í námsferð til Danmerkur á yfirstandandi önn. Um er að ræða 19 nemendur í áfanganum DANS2KB05 sem er skylduáfangi á málabraut en einnig valáfangi fyrir aðrar brautir. Farið verður 20. mars og komið heim þann 24 og gist á farfuglaheimili.

Markmið ferðarinnar er að efla munnlega færni nemenda auk þess að kynna fyrir þeim markverða staði í borginni. Í því skyni munu nemendur taka viðtöl við Dani sem eru að fást við áhugaverða hluti.


Að auki förum við í skoðunarferðir á ýmsa staði í Kaupmannahöfn svo sem Norðurbrú, dýragarðinn, Christianiu.

Nemendur standa algerlega að fjáröflun fyrir ferðina sjálfir sem mun kosta þá tæpar 70.000 krónur.

Með í för verða tveir kennarar skólans.


Við erum afar þakklát fyrir þann stuðning sem Hafnarfjarðarbær hefur ávallt sýnt skólanum í tengslum við þessar námsferðir til Kaupmannahafnar, og við vonum að svo verði líka í þetta sinn. Því leyfum við okkur að sækja um styrk, fyrir hönd nemenda okkar, til Hafnarfjarðarbæjar.

Virðingarfyllt



Ása Katrín Hjartardóttir

asak@flensborg.is



Viðar Hrafn Steingrímsson

viddi@flensborg.is

dönskukennarar